

Fundur í Beta deild mánudaginn 1. október 2012 kl. 19:30 í Naustaskóla

Dagskrá

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerð lokafundar og haustferðar lesin.
4. Erindi frá stjórn.
5. Önnur mál.
6. Konur fræða konur. Laufey Petra Magnúsdóttir talar um menntamál.
7. Kaffi og happadrætti
8. Fundi slitið.

1. Jónína bauð konur velkomnar á fundinn og Margrét Jónsdóttir kveikti á kertum. Jónína bað fyrir kveðjur frá þeim konum sem ekki komust á fundinn og bauð Helgu Thorlacius sérstaklega velkomna til fundarins en hún er flutt í Garðabæinn.

2. Orð til umhugsunar. Jóhanna Þorsteinsdóttir var með orð til umhugsunar og flutti okkur tvö ljóð, „Vor í garði“ eftir Jakobínu sigurðardóttur og „Elska“ eftir Ásdísi Jennu Hreiðarsdóttur.

3. Fundargerðir lokafundar og haustfundar lesnar. María las upp fundargerðir frá lokafundi og var hún samþykkt. Einnig las hún upp fundargerð haustfundar og var hún samþykkt með þeirri breytingu að bæta við þökkum til Ernu Gunnarsdóttur og Gunnars M. Guðmundssonar sem buðu rútuna okkur að kostnaðrlausu í haustferðinni.

4. Erindi frá stjórn. Jónína kynnti dagskrá vetrarins, en við ætlum að vinna eftir 7. markmiði DKG sem er að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna. Og er vinnuheitið okkar „Konur fræða konur“. Einnig sagði Jónína okkur frá útbreiðslunefnd en hana skipa þær Ingibjörg Auðuns, Rósa Kristín og Fríða. Ákveðið var að þær myndu kynna drög að nýjum verklagsreglum á næsta fundi.

Björk Sigurðardóttir sagði okkur frá framkvæmdarráðsfundi sem hún fór á 1. september í Þjóðmenningarhúsinu sem bar heitið „Hverjar erum við og hvert stefnum við?“.

Hún las einnig markmið samtakanna og farið var yfir kaffinefndir og umsjónarhópa. Þorgerður hvatti undirbúningshópana til að hittast í tengslum við skipulagningu fundanna og nota tækifærið til að kynnast betur.

Þorgerður kynnti ákvörðun stjórnar varðandi andlát. Ákveðið var að við fylgjumst með hvor annarri og látum stjórn vita þegar andlát ber að garði hjá félagskonu. Það á við þegar foreldrar, maki, systkyni,

börn, barnbörn og barnabarnabörn látast. Ef minningarkort berast ekki til viðkomandi er það vegna þess að stjórn hafði ekki fengið fregnir af andlátinu.

Þá var félagalistinn látinn ganga og konur beðnar um að uppfæra hann.

5. Önnur mál. Sigríður Magnúsdóttir og Ingibjörg Auðuns buðu fram húsnæði fyrir bóka- og lokafund.

6. Konur fræða konur. Gestur fundarins var Laufey Petrea Magnúsdóttir en hún er skólameistari við Framhaldsskólann á Húsavík. Laufey Petra er með BA próf í uppeldis og menntamálum og hefur starfað á öllum skólastigum nema grunnskóla. Um tíma starfaði hún sem námsráðgjafi við MA og VMA. Hún talaði um menntamál í viðum skilningi út frá sjónarhóli konu, sagði frá reynslu sinni og sýn hennar á skólasamfélagið. Í lokin fengu konur tækifæri til að koma með spruningar til Laufeyjar Petreu og vangaveltur varðandi erindi hennar.

7. Kaffiveitingar voru í boði Anítu, Lilju og Ragnheiðar Stefáns. Á meðan var pyngjan góða látin ganga og við það tækifæri fræddi Halldóra okkur um tildrög hennar en þau eru að árið 2004 þegar Halldóra var formaður Betadeildar og Rósa Júl. var landsambandsforseti kom starfsmaður frá Unichef (Stefán) og kynnti þetta verkefni fyrir landsambandinu á framkvæmdaráðsfundi. Verkefnið snerist um að safna peningum til styrktar menntunar stúlkna í Guinea Bissau í Afríku. Samtökin ákváðu að styrkja verkefnið með 100.000 króna framlagi úr landsambandssjóði og hvöttu til þess að formenn deilda kynntu verkefnið í sínum deildum og hugað yrði að frekari söfnun í vetrarstarfinu framundan. Betadeild ákvað að taka þetta verkefni upp á sína arma og óskað var eftir hugmyndum að söfnunarleiðum. Rósa Júl. kom með þá hugmynd að láta litla pyngju ganga á milli á fundum en hún hafði kynnst því fyrirkomulagi þegar hún var við nám í Finnlandi og sótti Betadeildarfundir þar, að þær létu slíka pyngju ganga þegar þær voru að safna fyrir einhverju í sameiningu. Þessi hugmynd var samþykkt og vorið 2005 gaf Betadeild 50.000 krónur í þessa söfnun og æ síðan hefur verið gefin álíka upphæð á hverju vori.

Til gamans má geta þess að vorið 2005 höfðu safnast 17.000 krónur í sjóðinn þegar komið var að síðasta fundi og var þá samþykkt að hver og ein kona myndi leggja fram 1000 kr. aukalega í sjóðinn og sjóður deildarinnar myndi bæta við því sem upp á vantaði í 50.000 krónurnar.

Dregið var í happdrættinu og fékk Sigríður Magnúsdóttir vinninginn að þessu sinni sem Anna Jóhannsdóttir kom með.

8. Jónína sleit fundi og slökkti á kertum.

Fundi slitið kl. 22:00

María Gunnarsdóttir.